

Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum



Blaðsíða 6

**Íbúafundur
á Laugum**

Blaðsíða 9

**Samstöðufundur
á Breiðumýri**

Blaðsíða 12

Bekkir vígðir



Forsíða

Madalena Gaspar er á forsíðu Fréttabréfsins en hún starfaði hjá Sjóferðum Arnars ehf. í sumar sem leiðsögumaður. Ekkiskemmir fyrir að Madalena er sjávarlífræðingur frá Madeira í Portúgal og því vel inn í flestu sem snýr að lífríkinu í sjónum.

ÚTGEFENDUR

Pingjón, félag iðnaðarmanna
Starfsmannafélag Húsavíkur
Framsýn- stéttarfélag

HEIMILISFANG

Garðarsbraut 26 • 640 Húsavík

SÍMI

464 6600

NETFANG

kuti@framsyn.is

HEIMASÍÐA

www.framsyn.is

ÁBYRGÐARMAÐUR

Aðalsteinn Á Baldursson

Yfirlestur og ráðgjöf

Ósk Helgadóttir

Fréttabréfið er skrifað 11. desember 2025

UPPLAG

800

PRENTUN

Héraðsprent



STARFSMAANAFÉLAG
HÚSAVÍKUR

Aðalfundur Deildar verslunar- og skrifstofufólks

Aðalfundur Deildar verslunar- og skrifstofufólks innan Framsýnar verður haldinn miðvikudaginn 14. janúar 2026 kl. 20:00 í fundarsal stéttarfélaganna.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
 - a) Kosning starfsmanna fundarins
 - b) Skýrsla stjórnar
 - c) Stjórnarkjör
2. Önnur mál



Skorað er á félagsmenn deildarinnar sem falla undir deildina að mæta á fundinn og taka þátt í líflegum umræðum. Það er félagsmenn Framsýnar sem starfa við verslun, þjónustu og skrifstofustörf á almenna vinnumarkaðinum.

Stjórn deildarinnar



Nútíma kvennabarátta

ASÍ stóð fyrir málþingi um stöðu kvenna af erlendum uppruna í tilefni af Kvennaverkfalli 2025 í október. Fór málþingið fram undir heitinu „Nútíma kvennabarátta“ og var skipt upp í þrjá meginflokka þar sem áherslan var sérstaklega á málaflokka sem varða erlendar konur á íslenskum vinnumarkaði. Agnieszka Szczodrowska starfsmaður stéttarfélaganna í Pingeyjarsýslum og Christine Irma Schröder fyrrverandi starfsmaður PCC á Bakka tóku virkan þátt í málþinginu undir liðnum Samfélag – sameiginleg ábyrgð og framtíð. Flutti Agnieszka þar erindi, en Christine tók þátt í pallborðsumræðum ásamt m.a. atvinnuvegaráðherra. Málþingið var vel sótt og þótti takast einstaklega vel. Hægt er að nálgast þetta áhugaverða málþing í streymi á framsyn.is.



Gjöf sem gleður – Húsavíkurbrefin vinsæl

Húsavíkurstofa hefur unnið markvisst að því undanfarin ár að kynna og efla sölu Húsavíkurgjafabréfa. Á síðasta ári gekk sala bréfanna með ágætum en verslun í heimabyggð skiptir gríðarlega miklu máli fyrir alla hagaðila. Nýting bréfanna er góð og ánægjulegt að fleiri og fjölbreyttari verslunar- og þjónustuaðilar hafa verið að leysa til sín bréfin. Vegna þessa og óformlegra rannsókna og umtals í samfélaginu má ætla að ánægja sé með bréfin í samfélaginu. Húsavíkurstofa stefnir ótrauð áfram áformum sínum og áætla að halda þessari góðu þróun áfram.

Um leið og Húsavíkurstofa minnir á Húsavíkurgjafabréfin nú í aðdraganda aðal sölutíð bréfanna vill hún færa samfélaginu þakki fyrir þeirra hlut í velgengni þeirra. Við hvetjum fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög og félagasamtök sem og einstaklinga til að nýta sér Húsavíkurgjafabréfin til gjafa og styðja þannig við verslun og þjónustu í heimabyggð.

Eins og áður í góðu samstarfi við Sparisjóð S-Þingeyinga er hægt að kaupa bréfin í bankaútibúi sparisjóðsins á Húsavík.

Húsavíkurstofa



Hvetja ráðherra til dáða

Í samtölum sem forsvarsmenn Framsýnar hafa átt við Jóhann Páll Jóhannsson Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur verið skorað á ráðherra að flýta skoðun ráðuneytisins á virkjunarkostum í Þingeyjarsýslum. Það sé forsendan fyrir því að hægt verði að hraða atvinnuuppbyggingu á svæðinu öllum til hagsbóta. Ráðherra hefur tekið beiðni félagsins vel.



Staðan tekin með stjórnendum GPG

Framsýn fundaði á dögunum með stjórnendum GPG en fyrirtækið heldur úti öflugri fiskvinnslu og útgerð á Húsavík og Raufarhöfn. Hátt í hundrað starfsmenn starfa hjá fyrirtækinu. Framsýn leggur mikið upp úr því að eiga gott samstarf við GPG enda um sameiginlega hagsmuni að ræða hvað varðar atvinnumál, ekki síst á Raufarhöfn, þar sem GPG er öflugasti atvinnurekandinn á staðnum. Nú þegar blíkur eru á lofti í atvinnumálum á Húsavík, skiptir ekki síður máli að rekstur fyrirtækisins nái að dafna enn frekar. Fyrir utan starfsemi sveitarfélaganna og stofnanna ríkisins í Þingeyjarsýslum eru PCC og GPG mikilvægustu vinnustaðirnir í héraðinu, hvað varðar greidda skatta og aðstöðugjöld til samfélagsins. Til viðbótar má geta þess að fyrirtækin tvö PCC og GPG greiddu mest allra fyrirtækja til Framsýnar á síðasta ári og getið er um í ársskýrslu félagsins. Það er launatengdar greiðslur. Framsýn hefur lengi barist fyrir því að aukinn byggðakvóti komi til Raufarhafnar sem og sértækur byggðakvóti. Það er að mati félagsins besta leiðin til að efla atvinnulífið á svæðinu. Því miður hefur kvótinn verið skertur á umliðnum árum af stjórnvöldum.



Námsstyrkir í boði fyrir félagsmenn

Félagsmenn stéttarfélaganna Þingiðnar og STH eiga rétt á góðum námsstyrkjum úr þeim starfsmenntasjóðum sem þeir eiga aðild að í gegnum samþykktir og kjarasamninga félaganna.

Um er að ræða mjög góða námsstyrki.

Frekari upplýsingar eru í boði á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Scholarships available for members

Members of Framsýn, Þingiðnar and STH unions are entitled to good scholarships from the education and training funds through the unions' collective agreements.

These are very good scholarships.

More information is available at the Trade Unions office.



STARFSMAFFÉLAG
HÚSAVÍKUR



Jólaglaðningur til félagsmanna

Fræðslusjóðir sem Framsýn á aðild að fyrir sína félagsmenn í gegnum kjarasamninga, Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt hafa ákveðið að hækka einstaklingsstyrki úr kr. 130.000,- í kr. 180.000,- frá og með næstu áramótum. Það er hámarksstyrki sem taka mið af greiddu félagsgjaldi á hverjum tíma til Framsýnar. Félagsmenn sem ná ekki að greiða fullt félagsgjald eiga rétt á hlutfallslegum styrkjum. Hækkunin gildir gagnvart því námi sem hefst á árinu 2026 og greitt er fyrir á því ári. Þá mun Framsýn tryggja sjómönnum innan félagsins sem aðild eiga að Sjómennt sömu réttindi komi til þess að sjóðurinn hækki ekki sýna styrki til jafns við aðra sjóði sem Framsýn á aðild að. Frekari upplýsingar eru í boði á Skrifstofu stéttarfélaganna.



Viðræður við fjárfesta

Töluvert er um að aðilar sem hafa til skoðunar að hefja atvinnurekstur á Húsavík hafi verið í sambandi við stéttarfélögin á Húsavík. Félögin búa yfir mikilli þekkingu er varðar ýmislegt er tengist atvinnustarfsemi á svæðinu. Meðal annars hefur verið fundað með aðilum sem hafa til skoðunar að byggja upp landeldi á Bakka og orkuvinnslu. Fleiri aðilar sem tengjast s.s. landeldi og gagnaverum hafa jafnframt verið í sambandi síðustu daga og vikur. Áhuginn er greinilega mikill hjá fjárfestum að koma að uppbyggingu á Húsavík enda gangi þeirra áætlanir eftir að það borgi sig að hefja atvinnurekstur hér norðan heiða. Leiðin er löng að því marki. Nú er bara að krossa fingur og vona að eitthvað af þessum hugmyndum verði að veruleika, ekki síst í ljósi þess að fullkomin óvissa er með áframhaldandi rekstur PCC á Bakka.



Vilt þú taka þátt í öflugu starfi Framsýnar?

Uppstillinganefnd Framsýnar leitar að áhugasömu fólki til að gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið. Hlutverk nefndarinnar er að stilla upp í flestar trúnaðarstöður á vegum Framsýnar fyrir komandi kjörtímabil 2026-2028, það er í stjórnir, ráð og nefndir á vegum félagsins, samtals um 80 félagsmönnum. Þeirri vinnu skal lokið fyrir 31. janúar 2026 og skal tillaga um listann þá auglýst eftir samþykki trúnaðarráðs félagsins. Hér með er skorað á áhugasama að hafa samband við formann nefndarinnar Ósk Helgadóttir vilji menn gefa kost á sér í trúnaðarstörf fyrir félagið sem er bæði gefandi og skemmtilegt starf í alla staði. Það er að taka þátt í að móta kjör félagsmanna og starf félagsins til framtíðar. Netfangið hjá formanni nefndarinnar er okkah@hotmail.com. Einnig er velkominn að hafa samband við formann félagsins, Aðalstein Árna Baldursson kuti@framsyn.is sem veitir frekari upplýsingar. Aðeins þeir sem eru á vinnumarkaði og greiða til Framsýnar eru kjörgengir í embætti innan félagsins.

Frestur til að gefa kost á sér er til 14. janúar 2026.



Minnisbækur og dagatöl í boði!

Hinar sívinsælu minnisbækur stéttarfélaganna eru komnar úr prentun sem og dagatöl vegna ársins 2026. Félagsmönnum stendur til boða að nálgast dagatöl og minnisbækur á Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík.

Hvað er fólkið að gera?

Því er fljóttvarað. Húseigandi og leigjendur í húsnæði stéttarfélaganna að Garðarsbraut 26 stóðu fyrir eldvarnaæfingu á dögnum í samráði við Slökkvilið Norðurlþings. Ákveðið var að hafa rýmingaræfingu í Hrunabúð þar sem nokkur fyrirtæki eru með aðstöðu á efri hæðinni. Stéttarfélagin leggja mikið upp úr öryggi starfsmanna sem starfa í húsnæðinu hvað þessi mál varðar. Æfingin gekk í flesta staði mjög vel. Um er að ræða árlega æfingu héðan í frá. Á meðfylgjandi mynd má sjá þá starfsmenn sem voru við störf í Hrunabúð, þegar æfingin fór fram, saman komna á söfnunastað. Komið hefur verið fyrir merkingum við húsnæðið þar sem ætlast er til að menn safnist saman komi upp eldur í húsnæðinu.



Jakob heiðraður!

34. þing Sjómannasambands Íslands fór fram á Grand Hótel í Reykjavík 30. og 31. október. Formaður Sjómannadeildar Framsýnar, Jakob Gunnar Hjaltalín, sat fundinn fyrir hönd Framsýnar en hann hefur ákveðið að hætta formlegum afskiptum að málefnum sjómanna og var þetta því hans síðasta sjómannasambandsþing. Meðfylgjandi er mynd sem tekin var þegar meistari Jakob var heiðraður fyrir störf sín í þágu sjómanna. Ásamt honum er Valmundur Valmundsson formaður Sjómannasambandsins.



Nýr sætisbekkur vígður á Raufarhöfn

Á aðalfundi Framsýnar í vor var ákveðið að minnast kvennaársins 2025 með gjöf á fimm sætisbökkjum sem komið verði fyrir í núverandi og þáverandi sjávarbyggðum á félagssvæðinu. Fyrsti bekkurinn var vígður formlega á Húsavík á Kvennafrídaginn í haust. Nýlega var komið fyrir bekkjum á Raufarhöfn og á Kópaskeri. Bekkirnir eru gefnir af virðingu við konur sem misst hafa ástvini sína í greipar Ægis. Starfsmenn SSNE og Norðurlþings, þau Nanna Steina Höskuldsdóttir og Einar Ingi Einarsson hjálpuðu starfsmönnum Framsýnar við að ganga frá bekknum á Raufarhöfn en þar verður hann við listaverkið Síldarstúlkuna við höfnina. Á meðfylgjandi mynd má sjá Nönnu og Einar Inga á bekknum ásamt formanni Framsýnar, Aðalsteini Árna. Nanna og Einar Ingi þökkðu Framsýn kærlega fyrir gjöfina sem kæmi að góðum notum. Ekki tókst að ganga endanlega frá bekknum á Kópaskeri þar sem finna þarf honum stað svo hann njóti sín sem best. Heimamenn á Kópaskeri tóku að sér að finna viðeigandi stað fyrir bekkinn. Síðan á eftir að koma fyrir bekkjum í Flatey á Skjálfanda og í Tungulendingu á Tjörnesi. Það verður gert við fyrsta tækifæri.



STH selur Sólheima

Starfsmannafélag Húsavíkur hefur þegar gengið frá sölu á íbúð félagsins í Sólheimum í Reykjavík. Til stendur að kaupa nýja íbúð og er leit hafin að íbúð á góðum stað á höfuðborgarsvæðinu. Vilji er til þess að kaupa í þorrasölum þar sem Framsýn og Þingið eiga fyrir sex íbúðir. Vissulega er hagræði fólgið í því að hafa allar íbúðirnar á sama stað.



Lágmarksfélagsgjald og kjörgengi í Framsýn



Félagsgjöld í Framsýn eru ákveðin á aðalfundi félagsins á hverjum tíma. Þau hafa verið óbreytt til fjölda ára eða 1% af launum starfsmanna. Til að teljast fullgildir félagsmaður þurfa menn að vera á vinnumarkaði og hafa náð að greiða lágmarksfélagsgjald kr. 16.474 á árinu 2025. Félagsmenn sem eru á vinnumarkaði og ná ekki að greiða lágmarksgjaldið s.s. vegna þess að þeir eru í hlutastarfi eða störfuðu á vinnumarkaði, aðeins hluta af árinu, stendur til boða að greiða mismuninn á greiddu félagsgjaldi á árinu og lágmarksgjaldinu enda ætli þeir sér að vera áfram á vinnumarkaði. Geri menn það hafa menn fullt kjörgengi í félaginu og teljast fullgildir félagsmenn. Eða eins og stendur í lögum félagsins; „Þeir félagsmenn, sem ekki hafa náð að greiða það lágmarksgjald, sem aðalfundur hefur ákveðið skulu færðir á aukafélagaskrá. Greiði þeir skuld sína vegna næstliðins starfsárs fyrir 31. mars, skulu þeir á ný færðir á skrá yfir fullgilda félagsmenn.“ Rétt er að taka skýrt fram að greiðslur til félagsmanna úr sjóðum félagsins s.s. sjúkra- orlofs eða starfsmenntasjóðum taka ávallt mið af greiðslum atvinnurekenda í þessa sjóði af viðkomandi félagsmönnum ekki lágmarksgjaldinu enda kjarasamningsbundið að atvinnurekendur greiði í þessa sjóði, ekki almennir félagsmenn. Frekari upplýsingar eru í boði á Skrifstofu stéttarfélaganna eða með því að senda fyrirspurn á netfangið kuti@framsyn.is.

Verslum í heimabyggð
Viðhöldum verslun og þjónustu með því að versla í heimabyggð.
Stéttarfélögin

Íbúafundur á Laugum

Þingeyjarsveit stóð fyrir upplýsingafundi í nóvember um stöðu fiskþurrkunar ÚA á Laugum. Athugasemdir höfðu áður borist til umhverfisnefndar sveitarfélagsins frá íbúum og eigendum fasteigna í nágrenni fiskþurrkunarinnar. Var málið tekið fyrir á fundi nefndarinnar og bókað: „Nefndin leggur til við sveitarstjórn að haldinn verði íbúafundur hið fyrsta um málefni fiskþurrkunarverksmiðju Samherja á Laugum. Á þann fund verði boðaðir fulltrúar Samherja og Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra.“ Á fundinum gerði Leifur Þorkelsson, forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra grein fyrir þeim kröfum sem uppfylla þarf til að starfsleyfi fyrir starfsemi verði gefið út. Gestur Geirsson framkvæmdastjóri landvinnslu Samherja gerði grein fyrir þeim framkvæmdum sem nú standa yfir til að uppfylla þau skilyrði sem sett eru varðandi starfsemi fiskþurrkunar. Fiskþurrkun hefur verið starfrækt á Laugum síðan á áttundaáratugnum og hefur veitt fjölda fólksatvinnu í gegnum tíðina en að jafnaði starfa þar um 20 manns. Fyrirtækið starfar eftir starfsleyfi sem Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra gefur út. Við endurnýjun leyfisins 2023 voru gerðar athugasemdir við lyktar- og hávaðamengun og veittur frestur til að lagfæra frávikin. Á fundinum sem fór vel fram skiptust fundarmenn á skoðunum. Meðal fundarmanna var formaður Framsýnar en starfsmenn ÚA á Laugum hafa óskað eftir aðkomu félagsins á málinu enda óttast þeir um framtíð starfseminnar á Laugum.



Desemberuppbót launafólks 2025

Framsýn vill vekja athygli á því að samkvæmt kjarasamningum ber atvinnurekendum að greiða starfsfólki sínu desemberuppbót í desemberbyrjun ár hvert. Uppbótin er háð ákveðnum skilyrðum sem varða t.a.m. starfstíma og starfshlutfall á yfirstandandi ári. Desemberuppbót skal greiða í einu lagi og ofan á hana reiknast ekki orlof. Um er að ræða fasta krónutölu sem tekur ekki hækkunum skv. öðrum ákvæðum kjarasamninga. Áunnar uppbætur skal gera upp samhliða starfslokum. Nánari upplýsingar er hægt að nálgast inn á heimasíðu stéttarfélaganna framsyn.is.

Jólasveinn ársins 2025

Agnieszka Szczodrowskavar var valin „Jólasveinn ársins 2025“ á lokafundi stjórnar og trúnaðarráðs Framsýnar á árinu. Hefðerfyrir því að kjósa félagsmann ársins á lokafundi félagsins ár hvert en trúnaðarmönnum, stjórn Framsýnar-ung og starfsmönnum stéttarfélaganna er jafnframt boðið að sitja fundinn og greiða atkvæði. Fundarmönnum bauðst að kjósa þann félagsmann sem þykir hafa skarað fram úr í starfi félagsins á árinu. Titillinn „Jólasveinn ársins 2025“ hlaut Agnieszka Szczodrowska fyrir hennar mikla og óeingjarna starf í þágu félagsins og félagsmanna. Agnieszka eða Aga eins og hún er jafnan kölluð hóf störf á Skrifstofu stéttarfélaganna í ársbyrjun 2023. Hennar hlutverk hefur verið að sinna almennum skrifstofustörfum með áherslu á þjónustu við erlenda félagsmenn. Jafnframt því hefur hún komið að vinnustaðaeftirliti og túlkun fyrir stéttarfélögin. Aga hefur verið liðtæk í starfi Framsýnar og tekið þátt í þingum og ráðstefnum á vegum verkalyðshreyfingarinnar sem og málstofum um málefni kvenna af erlendum uppruna. Hvað það varðar hefur hún tekið virkan þátt í kvennaráðstefnum sem haldnar hafa verið á Kvennaári 2025 bæði sem framsögumaður, túlkur og skipuleggjandi. Aga er verðugur fulltrúi erlendra einstaklinga sem hingað hafa komið til starfa. Sem sagt hörkukona og góður félagsmaður í alla staði. Þegar valið fór fram gafst mönnum kostur á að gera grein fyrir atkvæði sínu, sem dæmi má nefna:

- Aga er góð manneskja, góð fyrirmynd, góður starfsmaður og frábær sendiherra erlends verkafólks á Íslandi.
- Gefandi, skemmtileg og frábær í alla staði. Tekur alltaf brosandir á móti viðskiptavinum Skrifstofu stéttarfélaganna.

Aga fékk ekki Óskarinn að gjöf fyrir að vera virkasti félagsmaðurinn 2025 heldur fallegan jólasvein í verðlaun. Framsýn og samstarfsfólk óskar Ögu til hamingju með titilinn.



Framsýn þakkað fyrir velvilja í garð HSN

Aðalfundur Styrktarfélags HSN í Þingeyjarsýslum var haldinn á dögunum. Þar var farið yfir rekstur félagsins árið 2024 auk þess sem stjórn félagsins afhenti HSN gjafabréf fyrir þeim tækjum sem félagið hefur fjármagnað fyrir stofnunina. Alls styrkti sjóðurinn HSN fyrir um 14,6 milljónir króna árið 2024 og það sem af er þessu ári hefur sjóðurinn fjármagnað tækjakaup fyrir tæplega 20 milljónir. Á fundinum afhenti stjórn félagsins helstu styrktaraðilum sínum þakkarbréf fyrir veittan fjárstuðning og voru alls 19 félagasamtök og fyrirtæki sem veittu þeim viðtöku, þar á meðal Framsýn stéttarfélag sem færði HSN í lok síðasta árs kr. 15.000.000,- til tækjakaupa. Skráðir félagsmenn í Styrktarfélaginu eru um 350 talsins. Full ástæða er til að hvetja fólk að ganga í félagið en árgjaldið er aðeins 3000 krónur. Hægt er að finna skráningareyðublað á Facebooksíðu styrktarfélagsins.



Daníel Borgþórsson stjórnarformaður Styrktarfélagsins afhenti formanni Framsýnar þakkarbréf fyrir myndarlegan styrk til félagsins upp á 15. milljónir. Aðalsteinn Árni meðtók þakkinar til Framsýnar og fór nokkrum orðum yfir mikilvægi þess að HSN haldi áfram að eflast samfélaginu til góða.

Vel heppnað þing LÍV

34. þing Landssambands íslenzkra verzlunarmanna fór fram í lok október. Þingið var haldið á Grand Hótel Reykjavíkur. Aðalsteinn J. Halldórsson, formaður stjórnar Deildar verslunar- og skrifstofufólks innan Framsýnar sat fundinn f.h. félagsins. Allir náði kjöri sem varamaður í stjórn Landsambandsins. Nánar má lesa um þingið á heimasíðu stéttarfélaganna.



Árangursríkur fundur með Qair Ísland og Arctic Hydro

Í kjölfar hinna miklu og jákvæðu tíðinda um styrkingu flutnings- og dreifikerfis raforku á Norðausturlandi sem Jóhann Páll Jóhannsson, ráðherra umhverfis-, orku- og loftslagsmála, kynnti á fundi á Þórshöfn þann 6. nóvember sl. hittust forsvarsmenn Framsýnar stéttarfélag og orkufyrirtækjanna Qair Ísland og Arctic Hydro á fundi á Húsavík í byrjun desember. Orkufyrirtækin starfrækja nú þegar tvær virkjanir á svæðinu, sem eru vatnsaflsvirkjanirnar Köldukvíslarvirkjun (2,65 MW) í Tjörneshreppi og Þverárvirkjun í Vopnafirði (6 MW). Enn fremur eru félögin með allnokkra virkjanakosti í þróun og eru þeir m.a. vindorkukosturinn Hnotasteinn (216 MW) í Norðurþingi, ásamt vatnsaflskostunum Árskógsvirkjun (5 MW) í Dalvíkurbyggð, Tunguárvirkjun (2 MW) í Þistilfirði og Staðarárvirkjun (1 MW) í Bakkafirði auk þróunarkosta í Eyjafjarðarsveit. Ljóst er að umrædd styrking flutnings- og dreifikerfis hefur mikil og jákvæð áhrif á kosti félaganna sem var helsta umræðuefni fundarins. Ennfremur er ljóst að fyrirhuguð verkefni félaganna eru afar mikilvæg fyrir styrkingu kerfanna. Fyrirhugaður 33 kV jarðstrengur RARIK frá Vopnafirði til Þórshafnar mun efla til muna raforkuöryggi og möguleika til atvinnuuppbyggingar svæðisins. Ný 132 kV háspennulína Landsnets milli Kópaskers og Þórshafnar mun einnig stóráuka afhendingaröryggi raforku, stuðla að atvinnuuppbyggingu og enda hvítleiða þörf eystri byggðar að notast við jarðefnaeldsneyti. Verkefni félaganna leika lykilhlutverk í þróun flutnings- og dreifikerfisins á svæðinu þar sem nýjar tekjur af flutningi væntrar orkuframleiðslu aðstoða fjárhagslega við fyrirhugaða styrkingu og geta ennfremur flýtt talsvert fyrir þeim framkvæmdum. Sammæltust fundargestir um mikilvægi uppbyggingar svæðisins

og bráðrar þarfar nýs orkuframboðs sem samnefnara verðmætasköpunar og atvinnuuppbyggingar. Hvað það varðar hvetur Framsýn ráðherra umhverfis-, orku- og loftslagsmála til að gera allt til að hraða uppbyggingu mögulegra orkuverkefna í Þingeyjarsýslum til að svara kalli atvinnulífsins. Eins og fram hefur komið á heimasíðu stéttarfélaganna er mikill áhugi meðal fjárfesta að koma að uppbyggingu á atvinnustarfsemi í Norðurþingi sem er virkilega ánægjulegt ekki síst í ljósi þess að starfsemi PCC liggur niðri. Fundarmenn voru sammála um að fundurinn hafi verið árangurríkur í alla staði en hann fór fram í fundarsal stéttarfélaganna. Eftirtaldir sátu fundinn, Ásgeir Margeirsson, stjórnarformaður Qair Ísland, Skírnis Sigurbjörnsson, framkvæmdastjóri Arctic Hydro, Friðjón Þórðarson, framkvæmdastjóri Qair Ísland og Kristinn Pétursson, ráðgjafi og fyrrum alþingismaður. Frá Framsýn tóku þátt í fundinum, Aðalsteinn Árni Baldursson formaður Framsýnar, Aðalsteinn J. Halldórsson starfsmaður stéttarfélaganna og stjórnarmennirnir, Torfi Aðalsteinsson og Kristján M. Önnundarson.



Samningi viðhaldið

Fulltrúar frá Fjallalambi og Framsýn gengu frá sérkjara-samningi vegna sauðfjárslátrunar á vegum fyrirtækisins haustið 2025. Alls var slátrað um 24 til 25 þúsund fjár. Um 60 starfsmenn frá nokkrum þjóðlöndum störfuðu hjá fyrirtækinu í sláturtíðinni.



Viltu eignast eldavél?

Hægt er að fá gefins eldavél hjá Framsýn sem hefur verið í bústað félagsins á Illugastöðum um árabíl. Um er að ræða góða gamla vél ef einhver þarf á slíkri eldavél að halda. Mál: D-60cm, B-50cm, 85,5cm. Áhugasömum er velkomið að hafa samband við Aðalstein Árna, kuti@framsyn.is.



Nýr stofnanasamningur kominn á netið

Nýr stofnanasamningur á vegum Starfsgreinasambands Íslands hefur verið undirritaður við Land og Skóg og leysir hann af hólmi eldri samning frá 2022 við Skógræktina. Land og Skógur tók við verkefnum Skógræktarinnar og Landgræðslunnar 1. janúar 2024. Nýi samningurinn gildir fyrir starfsmenn sem áður störfuðu hjá Skógræktinni og Landgræðslunni. Viðræður hófust um miðjan október sl. og fyrir hönd Starfsgreinasambands Íslands sátu í viðræðunefnd þau Aðalsteinn Árni Baldursson, Guðrún Elín Pálsdóttir og Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir. Eru þeim færðar kærar þakkir frá SGS fyrir góða og gagnlega vinnu.



Byggða- og atvinnumál til umræðu

Eydís Ásbjörnsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi gerði sér ferð til Húsavíkur til að skiptast á skoðunum við forsvarsmenn Framsýnar. Umræður urðu m.a. um atvinnumál, heilbrigðismál, flugsamgöngur við Húsavík, gjöld á komur skemmtiferðaskipa, byggðakvóta og málefni verkafólks. Fulltrúar Framsýnar óttast ýmsar tillögur sem núverandi stjórnvöld hafa lagt fram og koma afar illa við verkafólk, s.s. aukna skattheimtu og verulegar skerðingar á atvinnuleysisbótum. Eydís meðtók skilaboðin og þakkaði fyrir ánægjulegan fund með fulltrúm Framsýnar.



Myndasýrpa frá samstöðufundi á Breiðumýri

Í tilefni af Kvænnafrídeginum 24. október stóðu nokkur félagasamtök fyrir samstöðufundi í Félagsheimilinu Breiðumýri. Fjölmenni lagði leið sína á fundinn sem fór vel fram enda mögnuð dagskrá í boði með söng og fróðlegu efni. Framsýn var meðal þeirra félagasamtaka sem stóðu að samkomunni sem var til mikillar fyrirmyndar. Áfram konur alla leið! Ljósmyndari á vegum Framsýnar, Hafþór Hreiðarsson, var á staðnum og fangaði samverustundina á ljósmyndir:



Framleiðslu- og Íslandsmet slegin daglega til áramóta

Liðlega tvö þúsund tonn af laxi hafa verið unnin á þessu ári í Silfurstjörnunni, landeldisstöð Samherja fiskeldis ehf. í Öxarfirði sem er afar jákvætt fyrir atvinnulífið á félagssvæði Framsýnar en starfsmenn landeldisstöðvar Samherja eru flestir í félaginu. Árið 2023 voru unnin þar tæplega 1800 tonn, sem var hið mesta hér á landi af öllum landeldisstöðvum. Þetta þýðir í raun að nýtt Íslandsmet verður slegið á degi hverjum til áramóta í Öxarfirði. Allar aðstæður til landeldis og framleiðslu á hágæðaaufurðum eru ákjósanlegar í Öxarfirði en Silfurstjarnan nýtir græna orku, jarðvarma og kristaltært borholuvatn til framleiðslunnar. Fiskeldi sem fer fram í kerjum eins og hjá Silfurstjörnunni gefur kost á góðri stjórn á öllum stigum framleiðslunnar. Starfsfólk Samherja fiskeldis býr yfir mikilli reynslu og faglegri sérhæfingu varðandi alla þætti fiskeldis, enda hefur Samherji komið að landeldi á laxi í yfir tuttugu ár. Silfurstjarnan hefur gengist undir miklar endurbætur á undanfórnum árum. Í síðasta mánuði var því fagnað að framkvæmdum er svo að segja lokið og er framleiðslugeta stöðvarinnar um 3.000 tonn á ári en var áður um 1.800 tonn. Á síðustu árum hefur uppbyggingunni verið fram haldið. Byggð voru ný eldisker sem eru tvöfalt stærri að umfangi en kerin sem fyrir voru. Þá hefur sjótaka verið aukin til muna, sett upp ný hreinsitæki, auk þess sem stoðkerfi og margvíslegur tækjabúnaður hefur verið endurnýjaður. Nýtt seiðahús var tekið í notkun í fyrra og á þessu ári hófst starfsemi í nýju vinnsluhúsi sem er tæknilega vel búið á allan hátt.



Olga Gísladóttir vinnslustjóri segir að starfsfólkið hafi þegar náð góðum tókum á nýjum og endurbættum búnaði. „Hérna starfar samhentur hópur sem einsetur sér að framleiða hágæða vöru fyrir kröfuharða viðskiptvini. Nýja vinnslan er vel búin og gerir okkur kleift að framleiða allt að 100 tonn á viku af afurð í hæsta gæðaflokki. Mynd: Samherji.

Heimsókn í Framhaldsskólann á Laugum

Forsvarsmenn Framsýnar og Lsj. Stapa voru beðnir um að vera með almenna fræðslu um starfsemi stéttarféлага og lífeyrissjóða fyrir nemendur Framhaldsskólans á Laugum. Fræðslan fór fram í mötuneyti skólans í október. Nemendur voru mjög áhugasamir um viðfangsefni dagsins. Þá voru lagðar nokkrar spurningar fyrir nemendur í lok fræðslunnar sem þeir svöruðu samviskusamlega auk þess sem nemendum var ætlað að vinna verkefni eftir fyrirlesturinn um starfsemi Framsýnar.



Nýnemum var boðið upp á fyrirlestur um starfsemi stéttarféлага og lífeyrissjóða. Hér er Jóna Finndís Jónsdóttir frá Lsj. Stapa að fara yfir málefni sjóðsins. Formaður Framsýnar, Aðalsteinn Árni Baldursson, fór yfir tilgang og markmið stéttarféлага.

Til hamingju Laugaskóli

Haldið var upp á 100 ára afmæli Framhaldsskólans á Laugum í Þingeyjarsveit laugardaginn 25. október frá morgni til kvölds. Hátíðin var glæsileg í alla staði. Ekki er ólíklegt að um og yfir 1000 gestir hafi verið á svæðinu sem er frábært enda bera margir hlýjar taugar til Laugaskóla. Boðið var upp á metnaðarfulla hátíðardagskrá af því tilefni. Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum óska Framhaldsskólanum á Laugum til hamingju með afmælið.



Laugaparið, bronsstyttu af pilti og stúlku var afhjúpuð á Laugum í 100 ára afmælisveislu Laugaskóla.

Skrifað undir stofnanasamning við Náttúruverndarstofnun

Í október undirrituðu fulltrúar Starfsgreinasambands Íslands undir nýjan stofnanasamning við Náttúruverndarstofnun og Þjóðgarðinn á Þingvöllum og leysir hann af hólmi eldri samning milli SGS og Umhverfisstofnunar, Vatnajökulspjóðgarðs og Þjóðgarðsins á Þingvöllum. Náttúruverndarstofnun varð til 1. janúar 2025 og tók þá við verkefnum sem snúa að náttúruvernd, lífríkis- og veiðistjórnun frá Umhverfisstofnun og starfsemi Vatnajökulspjóðgarðs. Viðræður aðila um nýjan stofnanasamning hafa staðið yfir frá því í mars á þessu ári. Fyrir hönd Starfsgreinasambandsins sátu í viðræðunefnd þau Aðalsteinn Árni Baldursson, Guðrún Elín Pálsdóttir, Halldóra Sveinsdóttir og Hjördís Þóra Sigurpórsdóttir, auk fulltrúa frá Landvarðafélaginu. Á meðfylgjandi mynd eru hressir starfsmenn Náttúruverndarstofnunnar sem eru með starfsstöð í Glúfrastofu í Kelduhverfi. Hægt er að nálgast stofnanasamninginn á heimasíðu stéttarfélaganna. Á meðfylgjandi mynd eru hressir starfsmenn Náttúruverndarstofnunnar sem eru með starfsstöð í Glúfrastofu í Kelduhverfi.



Vilt þú fá heimsókn?

Starfsmenn stéttarfélaganna eru ávallt tilbúnir að koma í heimsókn á vinnustaði og í skóla. Endilega hafið samband ef vilji er til þess að fá stéttarfélögin í heimsókn, það er bara gaman.



STARFSMAAFÉLAG
HÚSAVÍKUR

Vel heppnað þing ASÍ-UNG

ASÍ-UNG hélt sitt 11. þing föstudaginn 17. október og var yfirskriftin að þessu sinni „Raddir ungs fólks til áhrifa – Kraftur til breytinga“. ASÍ-UNG eru samtök ungs fólks innan verkalyðshreyfingarinnar sem sér til þess að hagsmunamál ungra Íslendinga á vinnumarkaði séu ávallt á dagskrá Alþýðusambandsins. Birta Guðlaug Amlin og Sunna Torfadóttir voru fulltrúar Framsýnar á þinginu en þær eru báðar í stjórn Framsýnar-ung. Á þinginu var unnið öflugt málefna-starf þar sem málefni voru valin út frá stefnumótunarstarfi stjórnar. Til umræðu voru málefni sem snerta ungt fólk sérstaklega; málefni fjölskyldufólks, húsnæðismál, brotastarfsemi á vinnumarkaði og samgöngumál. Niðurstaða þingsins voru fjórar ályktanir, sem marka stefnu nýrrar stjórnar til næstu ára. Hægt er að nálgast þær á heimasíðu stéttarfélaganna.



Hér er ekki töluð vitleysan!

Okkar besti maður, Björgvin Sigurðsson, söngvari Skálmaldar leit við á Skrifstofu stéttarfélaganna en hann er félagsmaður í Framsýn eins og margir aðrir góðir tónlistarmenn enda best að vera í Framsýn. Þar hitti hann fyrir Alla starfsmann stéttarfélaganna sem er mikill aðdáandi Skálmaldar og þungarokks almennt enda fer hann reglulega á tónleika þar sem bestu þungarokkshljómsveitir heims koma fram. Ekki er ólíklegt að þeir hafi verið að tala um þungarokk í stað þess að tala um verkalyðsmál þegar myndin var tekin. Í það minnsta eru þeir hressir að sjá.



Falleg og notaleg stund á Stangarbakkanum

Á aðalfundi Framsýnar í vor var ákveðið að minnast kvennaársins 2025 með gjöf á fimm sætisbekkjum sem komið yrði fyrir í núverandi og þáverandi sjávarbyggðum á félagssvæðinu. Það var við hæfi að fyrsti bekkurinn væri vígður formlega á Kvennafrídaginn en bekknum var komið fyrir á Stangarbakkanum á Húsavík. Fjöldi fólks lagði leið sína á viðburðinn en um 60 konur voru við vígsluna, en þær höfðu flestar fyrr um morguninn lagt niður störf í Borgarhólsskóla. Formaður Framsýnar, Aðalsteinn Árni, fór nokkrum orðum um gjöfina og sagði að bekkirnir væru gefnir í tilefni Kvenréttindadagsins þann 19. júní, af virðingu við konur sem misst hefðu ástvini sína í greipar Ægis. Hann sagði jafnframt yndislegt að sjá þann fjölda sem væri samankominn til þessarar samverustundar. Því næst flutti Ósk Helgadóttir varaformaður stutt ávarp sem er svohljóðandi:

„Framsýn stéttarfélag hefur samþykkt að festa kaup á nokkrum sætisbekkjum á kvennaárinu 2025 sem komið verður fyrir í sjávarbyggðum á félagssvæðinu, Húsavík, Raufarhöfn og Kópaskeri. Bekkjum verður jafnframt komið fyrir í Flatey og við Tungulendingu á Tjörnesi, en þaðan var rekin blómleg útgerð og fiskvinnsla á sínum tíma. Bekkirnir eru gefnir í tilefni Kvenréttindadagsins þann 19. júní, af virðingu við konur sem misst hafa ástvini sína í greipar Ægis. Bekkirnir verða staðsettir við sjávarsíðuna í fullu samráði við viðkomandi sveitarfélög sem tóku hugmyndinni vel auk þess að bjóðast til að koma bekkjunum fyrir. Félag Húseigenda í Flatey bauðst til að koma fyrir bekk í eyjunni fögru á Skjálfanda fyrir hönd Framsýnar. Fyrir það ber að þakka. Í heildina er um að ræða 5 vandaða bekki. Það er von Framsýnar að bekkirnir verði öllum þeim sem þá nota, til blessunar og góðrar hvíldar á göngunni. Þegar talað er um að hafið gefi og hafið taki, liggur í þeim orðum sannleikurinn um að þrátt fyrir að hafið færi okkur vissulega gæfu og velferð, þá geti að sama skapi fylgt því miklar fórnir. Þeir sem alist hafa upp við sjávarsíðuna vita að það þarf sterk bein, kjark og þor til að sækja sjóinn þar sem veður geta oft verið válynd. Við þekkjum öll frásagnir af hetjum hafsins sem lent hafa í sjávarháska og margar bækur hafa verið skrifaðar



um æðruleysi sjómanna í glímütökum við óblið náttúruöfl á ögurstundu. Ekki höfðu allir betur í þeim átökum og fylla þeir látnu flokk hinna fjölmörgu íslensku sjómanna sem týnt hafa lífi við krefjandi störf. Minning þeirra verðskuldar virðingu. Það gleymist hins vegar oft að bak við hvern sjómann stendur kona, sem staðið hefur við hlið hans, eiginkona, móðir, dóttir eða systir. Sögur þeirra kvenna sem séð hafa á eftir ástvinum sínum í hafið hafa ekki oft verið skrifaðar, enda reynsluheimur venjulegra kvenna að margra álitu ekki til þess fallinn að vera færður í letur. Þessar „venjulegu konur“ hafa háð lífsbaráttuna á landi, sinnt þeim mikilvægu verkum sem þar hefur þurft að vinna, verið stoð og stytta sjómannsins, fjölskyldunnar og heimilisins. Höfum jafnframt í huga að konur þurftu oft á tíðum að vaka langar og þungbærar nætur með ugg í brjósti, vitandi af eiginmönnum sínum, sonum, feðrum og bræðrum úti á sjó í vonskuveðri. Margar þeirra hafa síðan staðið frammi fyrir því að það sem þær óttuðust mest að gæti gerst, varð einn daginn helkaldur veruleiki þar sem menn skiluðu sér ekki heim af sjónum. Ónefndum hetjum hversdagsins sem fer svo litlum sögum af, hafa ekki verið reistir sérstakir bautasteinar eða minnismerki eins og títt er um íslenska merkismenn. Þær sátu eftir með óvissuna um framtíðina, óttann og einmanaleikann en börðust áfram í gegnum lífsins ólgusjó. Það er okkar að halda minningu þeirra á lofti um ókomna tíð.“



Vilja byggja meira íbúðarhúsnæði

Framsýn stóð fyrir fundi með forsvarsmönnum Norðurþings og Bjargs íbúðafélags um frekari uppbyggingu á íbúðum á vegum Bjargs í sveitarfélaginu enda stendur vilji félagsins til þess að Bjarg haldi áfram uppbyggingu á íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu. Fyrr á þessu ári kom Bjarg að því að byggja sex íbúða raðhús á Húsavík í samstarfi við Norðurþing. Eins og fram hefur komið eru íbúðir Bjargs íbúðafélags fyrir fjölskyldur og einstaklinga á vinnumarkaði sem eru undir ákveðnum tekju- og eignamörkum og sem hafa verið virkir á vinnumarkaði og fullgildir félagsmenn aðildarfélaga ASÍ eða BSRB í a.m.k. 16 mánuði, sl. 24 mánuði miðað við úthlutun. Fundurinn var vinsamlegur. Áhugi er fyrir því að halda samstarfinu áfram og meta þörfina fyrir frekari uppbyggingu á hagstæðu íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu. Þá er verið að skipuleggja lóðir fyrir hús sem þessi í sveitarfélaginu. Í umræðunni um frekari uppbyggingu er horft til þess að haldið verði áfram með byggingu raðhúsa líkt og í Lyngholti. Til þess að eiga möguleika á því að komast inn í íbúðir hjá Bjargi þurfa menn að skrá sig á biðlista hjá Bjargi íbúðafélagi. Fyrstur kemur, fyrstur fær enda standist viðkomandi skilmála Bjargs. Samhliða því að skrá sig á biðlistann þurfa menn að greiða ákveðið gjald nú, kr. 1500,- á ári vilji menn vera á biðlistanum. Skorað er á áhugasama að skrá sig sem fyrst á listann, þannig er hægt verði að átta sig betur á þörfinni á hentugu húsnæði fyrir tekjulaga í Þingeyjarsýslum. Hér er slóðin inn á heimasíðu Bjargs íbúðafélags.



Flutningabílar á leiðinni til Húsavíkur vorið 2025 með sex íbúða raðhús frá Selfossi.

Ekki vinna svart!



Félagsmenn stéttarfélaganna sem taka að sér svarta atvinnu missa réttindi til styrkja hjá félögunum s.s. námsstyrkja og styrkja úr sjúkrasjóðum félaganna. Það á einnig við um almenna þjónustu á vegum félaganna, lögfræðiþjónustu og aðgengi að orlofsíbúðum.

Unnið að lagfæringum í fallegu haustveðri

Framkvæmdum við lagfæringar á Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík er nú lokið, búið er að skipta um glugga á norðurhlíðinni og mála húsnæðið að utan enda afar mikilvægt að halda eigninni vel við á hverjum tíma. Það voru smiðirnir kampakátu, Þorvaldur og Bjarni, sem sáu um framkvæmdina en gluggarnir voru orðnir frekar lélegir enda áveðurs. Stórmeistarinn og málameistarinn Guðmundur Halldórsson ásamt samstarfsmönnum tóku að sér að mála húsnæðið að utan.



Takk fyrir okkur

Hermann Aðalsteinsson formaður Skákkfélagsins Goðans kom færandi hendi á Skrifstofu stéttarfélaganna. Tilgangurinn var að færa Framsýn gjöf frá félaginu fyrir stuðninginn í gegnum tíðina en skákkfélagið hefur haft aðgengi að fundarsal stéttarfélaganna undir æfingar og skákmót eða eins og segir á heimasíðu skákkfélagsins; „Skákkfélagið Goðinn hefur hingað til haldið flest öll sín mót og æfingar í fundarsal Framsýnar á Húsavík og vill félagið koma á framfæri sérstökum þökkum til Framsýn stéttarfélags fyrir það. Án þeirrar aðstöðu hefði starf félagsins verið erfitt og alls ekki víst að félagið væri til í dag, ef Framsýn hefði ekki stutt svona vel við bakið á skákkfélaginu Goðanum.“ Skákkfélagið Goðinn hefur nú gert samkomulag við Norðurþing um afnot af húsnæði svo vitnað sé í heimasíðu félagsins. Húsnæðið sem Goðinn hefur fengið til afnota er í kjallaranum í norðurhluta Túns að Miðgarði 4 á Húsavík.



Góður fundur um húsnæðismál í Þingeyjarsveit

Um miðjan ágúst stóð Framsýn fyrir fundi með forsvarsmönnum Þingeyjarsveitar og Bjargs íbúðafélags um hugsanlega uppbyggingu á íbúðum á vegum Bjargs í sveitarfélaginu. Íbúðir Bjargs íbúðafélags eru fyrir fjölskyldur og einstaklinga á vinnumarkaði sem eru undir ákveðnum tekju- og eignamörkum og sem hafa verið virkir á vinnumarkaði og fullgildir félagsmenn aðildarfélaga ASÍ eða BSRB í a.m.k. 16 mánuði, sl. 24 mánuði miðað við úthlutun. Fundurinn var virkilega áhugaverður og fullur vilji er til þess meðal aðila að taka málið til frekari skoðunar, það er hvort grundvöllur sé fyrir því að reisa íbúðir í sveitarfélaginu á vegum Bjargs í samráði við sveitarfélagið.



Endalaust líf við höfnina

Talsvert mikil aukning var í fjölda farþega sem fóru í hvalaskoðun frá Húsavík á árinu 2025. Alls fóru um 140 þúsund manns í hvalaskoðunarferðir frá Húsavík á árinu 2025 sem er um 24% aukning frá fyrra ári. Árið sem er að líða er þar með stærsta árið í hvalaskoðun til þessa en um 131 þúsund farþegar fóru í hvalaskoðunarferðir frá Húsavík á árunum á árinu 2023 sem einnig var mjög gott ár. Meðfylgjandi mynd var tekin á fallegum sumardeggi þegar farþegar voru að ganga um borð í hvalaskoðunarbátinn Vin sem er nýjasti báturinn í flotanum sem siglir með farþega um Skjálfandann en töluvert hefur verið um hval og lunda í flóanum í sumar.



Standið vörð um íslenskan landbúnað

Sjálfstæðisflokkurinn stóð nýlega fyrir opnum fundi á Húsavík um atvinnumál og stöðuna í þjóðfélaginu. Eðlilega fengu atvinnumálin á svæðinu töluverða athygli enda liggur starfsemi PCC á Bakka að mestu niðri. Óvíst er hvort eða hvenær starfsemi hefst á ný á Bakka. Fleiri mál fengu jafnframt athygli svo sem íslenskur landbúnaður og staðan í ferðaþjónustunni nú þegar til stendur að auka verulega álögur á fyrirtæki í ferðaþjónustu með alls konar sköttum á komur ferðamanna. Vegna þessa er ferðaþjónustan í miklu uppnámi, ekki síst er varðar komur skemmtiferða til landsins á komandi ári, jafnvel árum. Formaður Framsýnar, Aðalsteinn Árni, var boðið að sitja fundinn og taka þátt í umræðum á fundinum. Hann fór almennum orðum um stöðuna í atvinnumálum á svæðinu s.s. á Bakka. Hann kom einnig inn á þann mikla vanda sem blasir við ferðaþjónustunni og íslenskum landbúnaði. Hvatti hann formann og þingmenn Sjálfstæðisflokksins til að berjast fyrir tilvist landbúnaðar á Íslandi. Máli sínu til stuðnings afhendi hann formanni Sjálfstæðisflokksins, Guðrúnu Hafsteinsdóttir, Lambadagatal 2026. Höfundur dagatalsins er, Ragnar Þorsteinsson, bóndi í Sýrnesi í Aðaldal. Dagatalið, sem prýtt er myndum af maglitum unglömbum, hefur vakið mikla athygli en megintilgangur útgáfunar er að breiða út sem víðast fegurð og fjölbreytni íslensku sauðkindarinnar. Aðalsteinn Árni sagði að um táknræna gjöf væri um að ræða til að minna á mikilvægi landbúnaðar á Íslandi, taldi hann við hæfi að dagatalinu yrði komið fyrir í þingflokksherbergi Sjálfstæðisflokksins við Austurvöll. Guðrún tók skilaboðunum og gjöfinni vel enda myndirnar í dagatalinu einstaklega glæsilegar. Þakkaði hún fyrir gjöfina um leið og hún hét því að standa vörð um íslenskan landbúnað.



Sumarferð stéttarfélaganna á Flateyjardal

Stéttarfélögin Framsýn, Þingið og Starfsmannafélag Húsavíkurstöðu fyrir sumarferð á Flateyjardal laugardaginn 9. ágúst. Ferðin var fullsetin og tókst hún í alla staði mjög vel, þótt veðurútlit hafi verið nokkuð tvísýnt fyrir daginn. Hópurinn lagði upp frá Húsavík í þokusúld og norðan neptu snemma morguns og var í öruggum höndum Andra Rúnarssonar bílstjóra hjá Fjallasýn, sem sá til þess að vel færi um farþega. Dumbungurinn í morgunsárið kom ekki að sök, það var sól í hverju hjarta sem auðvitað hafði áhrif enda birti upp þegar leið á morguninn. Í Fnjóskadalnum bættist fararstjórinn, Ósk Helgadóttir í hópinn og leiddi hún gestina um eyðibbyggðina nyrst í Fnjóskadal, Flateyrdalsheiði og Flateyjardal og fræddi þá um sitthvað er tengist sögunni og búsetu þar ytra. Á Brettingsstöðum hittum við fyrir Bjart Aðalbörnsson, ungan Vopnfirðing

af kyni Brettinga, sem staddur var heima á ættaróðalinu. Bjartur rölti með okkur yfir í kirkjugarðinn og fór yfir sögu Brettingsstaðakirkju, tengsl byggðarlagana við ysta sæ og flutning kirkjunnar milli lands og eyjar. Eins og ævinlega í sumarferðum stéttarfélaganna er boðið upp á grill og léttar veitingar og nýtti hópurinn sér frábæra aðstöðu í skála Ferðafélags Húsavíkur að Hofi. Undu menn sér lengi á dalnum fagra við söng og gleði í blíðviðrinu. Ferðin var afar vel heppnuð og full ástæða er til að þakka Fjallasýn og gestum stéttarfélaganna fyrir ánægjulega ferð sem í alla staði var til mikillar fyrirmyndar. Þá skemmdi ekki fyrir að nokkrir í ferðinni höfðu sterk tengsl til dalsins fagra við Skjálfanda enda komin af fólki sem þar bjó um tíma. Meðfylgjandi eru myndir úr ferðinni.



Konur þjóðveganna

Í gegnum tíðina hefur Eimskip rekið mjög öfluga akstur-deild á Húsavík og hafa margir magnaðir bílstjórar starfað hjá fyrirtækinu, nægir þar að nefna höfðingjana Gulla Sveinbjörns og Bjarna Sveins sem hætti fyrir nokkrum árum eftir áratuga akstur flutningabíla milli Húsavíkur og Reykjavíkur. Eins og kunnugt er, þá er bílstjórarstarfið bæði gefandi og krefjandi starf. Lengst af hefur verið um að ræða karlæg störf, en sem betur fer, hefur það verið að breytast á undanförunum árum. Sem dæmi má nefna, þá hafa væntanlega aldrei verið fleiri konur við störf hjá akstursdeild Eimskips á Húsavík en um þessar mundir starfa þrjár konur hjá fyrirtækinu við akstur á stórum og öflugum flutningabílum. Þetta eru þær, Alice, Susanna og Aðalbjörg talið frá vinstri á meðfylgjandi mynd. Til viðbótar má geta þess að Susanna er fyrsta konan sem ráðin er sem bílstjóri á flutningabíla hjá Eimskip á Húsavík. Þekkt er að flutningabílstjórar eru duglegir við að skreyta bílstjóraklefan í sínum anda og þá má oftast en ekki sjá nafn viðkomandi bílstjóra við framrúðuna þegar þeir keyra um þjóðvegi landsins. Ekki er ólíklegt að með tilkomu fleiri kvenna í stéttinni eigi skreytingarnar í bílstjóraklefanum eftir að taka kvenlegum breytingum í anda þess sem situr undir stýri á hverjum tíma.



Íbúð til leigu á besta stað

Íbúð Hrunabúðar að Garðarsbraut 26 er laus til leigu frá og með 1. mars/apríl á næsta ári. Um er að ræða þriggja herbergja íbúð á efri hæð, alls 180 fermetrar. Vel innréttað og góð íbúð á besta stað í bænum, stutt í flesta þjónustu. Frekari upplýsingar gefur Aðalsteinn Árni, kuti@framsyn.is.



Skrifstofa laus til leigu

Einstaklega góð skrifstofa er til leigu í húsnaði Hrunabúðar að Garðarsbraut 26, það er fyrir ofan Skrifstofu stéttarfélaganna. Á hæðinni eru nokkur fyrirtæki og sálfræðipjónusta með starfsemi. Þar starfar góður hópur starfsmanna. Frekari upplýsingar gefur Aðalsteinn Árni, kuti@framsyn.is.



Bakkavík og Framsýn funda um landeldi

Ádögunum funduðu forsvarsmenn Framsýnar og Bakka-
víkur um áform fyrirtækisins
um að byggja upp landeldi
á Bakka við Húsavík. Víkingur
Gunnarsson, framkvæmda-
stjóri Bakkavíkur landeldis og
Aðalsteinn Árni Baldursson
formaður Framsýnar fóru
yfir verkefnið en Framsýn
hefur lagt mikla áherslu á
að eiga gott samstarf við þá
aðila sem sýnt hafa svæðinu



áhuga hvað varðar atvinnuuppbyggingu. Bakkavík
landeldi ehf., hefur þegar undirritað viljayfirlýsingu vegna
lóðar undir hugsanlega landeldisstöð á vegum Bakkavík
landeldi ehf. á iðnaðarsvæðinu á Bakka norðan Húsavíkur.
Í viljayfirlýsingunni kemur meðal annars fram að Bakkavík
landeldi ehf. telur mikil tækifæri fyrir hendi til sjálfbærrar
auðlindanýtingar og atvinnusköpunar í Norðurþingi með
uppbyggingu landeldisstöðvar fyrir lax á lóðinni. Með
því móti verður jafnframt styrkari stoðum skotið undir
atvinnulíf og búsetu í Norðurþingi og nágrannabyggðum.
Fram hefur komið að um þróunarverkefni sé um að ræða
sem taki nokkur ár.

Þingið kemur færandi hendi

Stjórn Þingiðnar samþykkti nýlega að færa Styrktarfélagi
HSN í Þingeyjarsýslum að gjöf kr. 303.000,- til kaupa
á tækjum fyrir stofnunina. Upphæðin tekur mið af
fjölda félagsmanna í Þingið og árgjaldi félagsmanna í
Styrktarfélaginu. Gerð var grein fyrir gjöfinni á aðalfundi
Styrktarfélagsins sem haldinn var á dögunum. Skráðir
félagsmenn í Styrktarfélaginu eru um 350 talsins. Þeim
hefur því miður ekki fjölgað sem neinu nemur undanfarin
þrjú ár. Þingiðn hvetur íbúa í Þingeyjarsýslum til að ganga í
félagið en árgjaldið er aðeins 3.000 krónur. Hægt er að finna
skráningareyðublað á Facebook síðu Styrktarfélagsins.
Stjórn Þingiðnar ákvað að greiða sem nemur árgjaldinu kr.
3.000 fyrir hvern félagsmann sem eru um þessar mundir
101. Eins og komið er inn á þessari frétt er mikilvægt að
heimamenn, félagasamtök og fyrirtæki á svæðinu standi
vörð um þessa mikilvægu stofnun. Það gerum við hvað
best með því að gerast félagsmenn í Styrktarfélaginu.
Árgjaldið er aðeins kr. 3.000,-. Koma svo!



Þreifað á málefnum PCC á Bakka við ráðamenn

Viðskiptagreining Landsvirkjunar stóð fyrir opnum fundi
í Hörpu fimmtudaginn 4. desember um þróun mála hjá
álverum og kísilframleiðendum síðustu misseri og hún sett
í samhengi við íslenskan raunveruleika og alþjóðamarkaði.
Eftir tvö áhugaverð erindi um stöðu mála og horfur var
boðið upp á pallborðsumræður þar sem Hanna Katrín
Friðriksson atvinnuvegaráðherra, Álfheiður Ágústsdóttir
forstjóri Elkem á Íslandi, Kári Marís Guðmundsson fyrrum
forstjóri PCC á Bakka og Karl Guðmundsson verkefnastjóri
stórfjárfestinga hjá forsætisráðuneytinu sátu fyrir svörum
um fundarefnið. Formaður Framsýnar var að sjálfsögðu á
svæðinu til að kynna sér stöðuna og ná tali á þeim sem eru
í stöðu til að hafa áhrif á það að starfsemi PCC hefjist á ný
á Bakka. Eins og staðan er í dag er það ekki útilokað enda
kom fram í samtölum sem formaður Framsýnar átti við
ráðherra atvinnumála og verkefnastjóra stórfjárfestinga
að stjórnvöld ætluðu sér að gera allt sem þau gætu til
að vinna að framgangi málsins með það að markmiði að
starfsemi hefjist á Bakka á ný sem fyrst.



Staðan tekin, Álfheiður Ágústsdóttir forstjóri Elkem á Íslandi, Kári
Marís Guðmundsson fyrrum forstjóri PCC á Bakka, Kristín Anna
Hreinsdóttir núverandi forstjóri PCC á Bakka og Þórður Magnússon
dr. í málfræðum og ráðgjafi í ofnrekstri hjá PCC eru hér ásamt
formanni Framsýnar Aðalsteini Árna Baldurssyni.



Vefur Stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum
www.framsyn.is

Þú tapar réttindum með því að vinna svart

Dæmi eru um að atvinnurekendur hafi snúið sér til Skrifstofu stéttarfélaganna í sumar vegna óánægju með samkeppnisaðila í ferðapjónustu sem bjóða starfsmönnum að vinna svart komi þeir til starfa hjá þeim. Sérstaklega á þetta við um smærri aðila í ferðapjónustu sem bjóða upp á gistipjónustu og eru í samkeppni við þá atvinnurekendur sem virða kjarasamninga og lög. Eðlilega eru þeir afar óánægðir með þennan veruleika enda ekki auðvelt að keppa við svarta atvinnustarfsemi en fyrirtækin hafa verið að missa frá sér starfsmenn sem hafa látið glepjast og ráðið sig til fyrirtækja sem virða ekki almennar leikreglur á vinnumarkaði. Starfsmenn sem gera sér greinilega ekki grein fyrir því, að vinni þeir svart, eru þeir ótryggðir við sín störf. Vissulega á ekki að þurfa að taka fram að það er ólöglegt með öllu að fyrirtæki bjóði starfsmönnum að vinna svart, þeim standi ekki annað til boða. Skrifstofa stéttarfélaganna hefur hvatt þá fyrirtækjaeigendur í ferðapjónustu, sem leitað hafa til félaganna, að setja sig í samband við Skattinn og koma ábendingum sínum um svarta atvinnustarfsemi á framfæri við stofnunina enda um lögbrot að ræða sem skekkir samkeppnisstöðu fyrirtækja. Það er það eina sem dugar gagnvart svona óheiðarlegri starfsemi enda Skattinum ætlað að fylgjast með því að einstaklingar sem fyrirtæki greiði skatta til samfélagsins samkvæmt fyrirliggjandi lögum og reglum. Þá er rétt að taka fram að félagsmenn stéttarfélaganna sem verða uppvísir að því að vinna svart missa réttindi til styrkja hjá félögunum s.s. námsstyrkja og styrkja úr sjúkrasjóðum félaganna. Það á einnig við um almenna þjónustu á vegum félaganna, lögfræðipjónustu og aðgengi að orlofsíbúðum.



Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?



Ef ekki er mikilvægt að gengið sé frá kjöri á trúnaðarmanni sem allra fyrst!



Aðalfundur Sjómanna-deildar 2025

Aðalfundur Sjómannadeildar Framsýnar stéttarfélags verður haldinn mánudaginn 29. desember 2025 í fundarsal félagsins. Fundurinn hefst kl. 17:00.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál



Mikilvægt er að sjómenn láti sjá sig á fundinum og taki þátt í líflegum umræðum, ekki síst formannskjöri en fyrir liggur að sitjandi formaður, Jakob Gunnar Hjaltalín, gefur ekki kost á sér áfram eftir áratuga þjónustu við sjómenn. Í tilefni af því verður fundurinn óvenju veglegur í ár.

Stjórn deildarinnar

Eiður Gunnlaugsson er hér að huga að netum í haustblíðunni. Þrátt fyrir háan aldur þá lætur þessi öðlingur ekki deigan síga. Eidi fór snemma að sækja sjóinn auk þess að beitta hjá útgerðum á Húsavík. Hann var eftirsóttur enda góður verkmaður sem aldrei sló slöku við eins og myndin ber með sér.



Gleði á jólafundi

Hefð er fyrir því að félagsmönnum sem eru í trúnaðarstörfum fyrir Framsýn sé boðið á kvöldskemmtun í hús-næði stéttarfélaganna í desember ár hvert, það er eftir lokafund ársins í stjórn og trúnaðarráði. Þannig vill félagið þakka öllum þeim sem leggja töluverða vinnu á sig fyrir vel unnin störf í þágu þess. Boðið er upp á kvöldverð, heimatilbúin skemmtiatriði og jólasveininn lítur við með glaðning handa gestum. Samkoman í ár fór vel fram og skemmtu menn sér afar vel, sem þarf ekki að koma á óvart, enda skemmtilegasta fólkið í störfum fyrir Framsýn.



Íslandsbanki



Fyrir þína
fjárhagslegu heilsu